



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Nefndasvið Alþingis

**Sendandi:** Reykjavíkurborg

---

***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál.***

Með tölvubréfi, dags. 3. maí sl., sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 622. mál. Reykjavíkurborg vísar til og ítrekar fyrri athugasemdir sínar sem komið var á framfæri á Samráðsgátt undir máli nr. S-31/2018 dags. 19. mars sl.

### I

Af hálfu Reykjavíkurborgar er að nýju lögð áhersla á mikilvægi þess að hugað verði sérstaklega að heimildum Persónuverndar í 46. gr. frumvarpsins til álagningar stjórnvaldssekta á opinbera aðila til jafns við þá sem starfa í markaðsskyni, sbr. 4. mgr. 46. gr. frumvarps. Í þessu sambandi er unnt að geta þess að í 7. mgr. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) hefur aðildarríkjum verið eftirlátið val um hvort álagning stjórnvaldssekta verði gerð heimil af þeirra hálfu gagnvart stjórnvöldum. Í Svíþjóð hefur sú leið verið farin að heimila álagningu sekta þessara á stjórnvöld, en hafa fjárhæðir hámarkssekta verið lækkaðar verulega að sama skapi. Á Írlandi og í Finnlandi hefur verið farin sú leið að undanskilja opinbera aðila alfarið að því er varðar álagningu stjórnvaldssekta þessara.

### II

Í fyrirbyggjandi frumvarpi hefur ekki verið greint frá því með ítarlegum hætti hvernig sveitarfélög eiga að mæta auknum kostnaði sem til kemur vegna innleiðingar nýrra laga. Í tilfalli Reykjavíkurborgar þarf að gera yfirgripsmiklar breytingar á upplýsingakerfi sem og innleiða breytt verklag vegna öryggisreglu og ábyrgðarskyldu, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 30. gr. frumvarps. Eru þá ótaldar nauðsynlegar ráðstafanir vegna innbyggðrar og sjálfgefinnar persónuverndar, sbr. 25. gr. frumvarps sem og mat á

áhrifum á persónuvernd sbr. 35. gr. frumvarps. Tekið er undir þau sjónarmið sem fram hafa komið í umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga á Samráðsgátt að þessu leyti, dags. 19. mars sl.

Reykjavíkurborg geymir gríðarlegt magn persónuupplýsinga, þar með taldar viðkvæmar persónuupplýsingar, og verður seint gert lítið úr þeirri ábyrgð sem felst í slíkri vörslu. Ólíkt öðrum aðilum, svo sem fyrirtækjum sem byggja á samþykki sem helstu heimild til vinnslu persónuupplýsinga og starfa í hagnaðarskyni í samkeppni við aðra á sama markaði, vinnur Reykjavíkurborg þessar upplýsingar í því skyni að rækja lögbundið hlutverk sitt sem sveitarfélag. Með öðrum orðum kemst Reykjavíkurborg ekki hjá vinnslu þessara upplýsinga, þar með talin vistun þeirra og varðveislu að öðru leyti. Þá leiðir það af ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að stór hluti upplýsinga sem berst Reykjavíkurborg, en borgin hefur ekki frumkvæði að því að afla, verður að vista áfram í fórum borgarinnar þar sem heimildir til eyðingar slíkra upplýsinga eru verulega takmarkaðar.

Starfsumhverfi stjórnvalda er varðar persónuvernd er gerólikt því sem við á um önnur réttarsvið þar sem stjórnvaldssektir eru lagðar á stjórnvöld til jafns við einkaaðila, líkt og við á um brot á samkeppnislögum nr. 44/2005 þar sem sektir eru lagðar á vegna ásetningsbrota sem tengst geta skaðlegri undirverðlagningu og verðsamráðs, svo dæmi séu tekin. Almenn mistök vegna vankunnáttu eða handvammar einstakra starfsmanna geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir upplýsingaöryggi, þrátt fyrir að umfangsmiklar ráðstafanir og skýrar verklagsreglur hafi verið gerðar af hálfu ábyrgðaraðila. Telur Reykjavíkurborg óhjákvæmilegt að öryggisbrot muni koma til með að eiga sér reglulega stað innan borgarkerfisins í einhverjum mæli, en sé það þó undir sveitarfélaginu komið að vanda til verka að bregðast við þeim með faglegum og ábyrgum hætti sem miða skal að því að takmarka orðið tjón og frekari hættu. Séu háar sektir yfirvofandi er hætt við að áhersla á vinnuframlag leggist öðru fremur á að forðast álagningu þeirra. Þá skortir að mati Reykjavíkurborgar nokkuð á að í lögskýringargögnum komi fram þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við það mat sem fram mun fara vegna álagningar stjórnvaldssektanna.

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir viðtækri ábyrgð stjórnvalda til jafns við aðra og gert er ráð fyrir beitingu sektanna óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 5. mgr. 46. gr. frumvarps. Áhersla stjórnvalda á ekki síst að felast í að tryggja fagleg viðbrögð við orðnum öryggisbrotum, samhliða því að tryggja gagnaöryggi í hvívetna. Þá er það mat Reykjavíkurborgar að forgangsraða ætti verkefnum Persónuverndar með þeim hætti að sjónum yrði beint að þeim aðilum sem starfa í hagnaðarskyni og gætu haft beinan hag af því að miðla persónuupplýsingum með ólögumætum hætti.

### III

Sé á annað borð talið að brýn þörf sé fyrir sektarviðurlagaákvæði gagnvart stjórnvöldum liggur beint við að minna á mikilvægi þess að gæta meðalhófs og að ekki sé gengið lengra en nauðsyn ber til við mótnun viðurlagastefnu í þeim málaflokki sem um ræðir. Er það mat Reykjavíkurborgar að álagning sekta þessara geti komið alvarlega niður á veitingu og gæðum lögbundinnar þjónustu, komi til þess að þær verði lagðar á opinbera aðila til jafns við þá sem starfa í hagnaðarskyni. Samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 46. gr. frumvarps geta sektir numið frá 100.000 kr. allt að 1,2 milljörðum íslenskra eða 2% af heildarveltu fyrirtækisins á næstliðnu fjárhagsári (í tilfalli Reykjavíkur stjórnvaldsins), hvort heldur er hærra (sbr. 2. mgr.) eða 2,4 milljörðum íslenskra króna (sbr. 3. mgr.) eða 4% af sömu heildarveltu. Samkvæmt fyrri árum og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er unnt að gera ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti numið allt að 5,5 milljörðum íslenskra króna á næstu fimm árum.

Ströng viðurlagastefna sem felst í innheimtu sekta sem þessara getur því komið alvarlega niður á viðkvæmum þjóðfélagshópum sem sveitarfélögum er skylt að sinna, svo sem börnum á leik- og grunnskólaaldri, fólki með fötlun, öldruðum og þeim sem eiga í alvarlegum fjárhagserfiðleikum. Þá mun álagning hárra stjórnvaldssekta leiða til þess að útsvarsgreiðendur munu bera aukna fjárhagslega byrði ásamt frammannefndu. Réttlæta þarf sérstaklega þjóðhagslega hagkvæmni af slíkum ráðstöfunum,

sér í lagi í ljósi þess að fátt ef nokkuð bendir til þess að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar muni ekki koma til með að axla lögbundna ábyrgð sína sem ábyrgðaraðilar í skilningi fyrirbyggjandi frumvarps. Hefur Reykjavíkurborg þegar hafið yfirgripsmikla vinnu vegna yfirstandandi innleiðingar vegna nýrra persónuverndarlaga en óhætt er að fullyrða að full hlítni vegna þeirra náist á fáeinum árum, eigi að viðhafa vandaða stjórnsýsluhætti í þeirri vinnu.

f.h. Reykjavíkurborgar

Dagbjört Hákonardóttir